



Umhverfis-og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
Reykjavík
uar@uar.is

23. febrúar 2021

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi)

Skilgreining kolefnishlutleysis

Hvað varðar skilgreiningu hugtaksins kolefnishlutleysi viljum við benda á að orðið *kolefnishlutleysi* geti verið óheppilegt í því samhengi sem það er notað í skilgreiningu frumvarpsins, enda er hér rætt um fleiri gróðurhúsalofttegundir en bara kolefnissambönd.

Ungir umhverfissinnar fagna því að miðað sé við losun á ársgrundvelli fyrir nær alla flokka losunar sem framtaldir eru í landsbókhalda Íslands til Loftslagssamningsins. Hvað varðar losun og bindingu frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt er notast við viðmiðunarárið 1990. Við bendum á, í samræmi við [fyrra umsögn](#), að í þeim flokki virðist bókhaldslegt kolefnishlutleysi hafa orðið fyrir valinu, í stað eðlisfræðilegs kolefnishlutleysis,

Áfangamarkmið

Líkt og kom fram í fyrri umsögn félagsins styðja Ungir umhverfissinnar að markmiðsákvæði um kolefnishlutleysi á Íslandi 2040 verði bætt við 1. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Lögfesting markmiða eykur stefnufestu í málaflokknum og tryggir að loftslagsmarkmið raungerist. Einnig ítrekum við, samanber fyrri umsögn, að nauðsynlegt er að lögfesta áfangamarkmið fyrir 2030, sem varðar leiðina að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040. [Krafa](#) Ungra umhverfissinna, LÍS, SHÍ, fulltrúa ungs fólks í Loftslagsráði og [fulltrúa](#) Íslands á Loftslagsráðstefnu ungmenna (e. Mock COP26) er og hefur ávallt verið a.m.k. 50% samdráttur í heildarlosun ásamt landnotkun fyrir árið 2030. Þetta markmið miðar við að hægt sé að fylgja línulegri þróun frá 2020 að eðlisfræðilegu kolefnishlutleysi árið 2040, en eðlisfræðilegt kolefnishlutleysi felur í sér að öll losun frá starfsemi og landi eru vegin á móti

bindingu á ársgrundvelli. Ef ákveðið verður að notast við viðmiðunarár (líkt og 1990) í flokkinum landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (þ.e. bókhaldslegt kolefnishlutleysi), þyrfti að setja fram áfangamarkmið 2030 sem endurspeglar það.

Samráð við ungt fólk

Ungir umhverfissinnar fagna að í greinargerð er tekið undir sjónarmið okkar úr fyrri umsögn, og ítrekað að ungt fólk muni taki þátt í því samráðsferli sem snýr að vinnu vegvísis um kolefnishlutlaust Ísland. Við ítrekum útfærslu okkar á því samráði en sem dæmi væri hægt að skipa fulltrúa frá samtökum sem eru í forsvari fyrir ungt fólk, eða lýðræðislega kjörna fulltrúa, í hóp hagaðila.

Kostnaður aðgerða og fjármögnun þeirra

Stjórnvöld, ásamt atvinnulífinu, bera ábyrgð á fjármögnun loftslagsmála og ljóst er að betur má ef duga skal í útgjöldum til málaflokksins. Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um aukningu í fjárframlögum til loftslagsmála um 1,8-2,5 milljarða króna á ári. Ekki er tekið fram hversu há heildarútgjöld ríkisins til málaflokksins eru en æskilegt væri að taka það fram til að tryggja gagnsæi við lestur og túlkun fjárframlaga. Það er þó augljóst að slík aukning til loftslagsmála er hvergi nærri nógu mikil til að vera fullnægjandi. Ungir umhverfissinnar ítreka að til þess að ná viðunandi árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum þurfi að stórauka útgjöld til málaflokksins, í að minnsta kosti 4% af landsframleiðslu samkvæmt skýrslu IPCC líkt og bent var á í fyrri umsögn. Útgjöld segja þó ekki alla söguna og samhliða aukinni fjármögnun þarf einnig að draga úr fjárframlögum til aðgerða sem stuðla að aukningu losunar.

Kaup á losunarheimildum

Ungir umhverfissinnar fagna því að ekki er gert ráð fyrir að markmiðinu um kolefnishlutleysi verði náð með kaupum á losunarheimildum vegna loftslagsverkefna í öðrum ríkjum. Slíkt orðalag er þó óþarflega óskýrt, hér ætti fremur að standa að markmiði Íslands um kolefnishlutleysi verði ekki náð með kaupum á losunarheimildum. Áhersla aðgerða á að vera á samdrátt í losun og stuðla að kolefnisbindingu á fjölbreyttan hátt með vistkerfisnálgun í huga.

Samfélagsleg áhrif og réttlát umskipti

Ánægjulegt er að sjá að ábendingar okkar varðandi samfélagsleg áhrif og réttlát umskipti hafi verið verið nýttar og hugað verði að samfélagslegum áhrifum loftslagsaðgerða og að stefnt sé á að auka jafnrétti fyrir tilstilli þeirra aðgerða sem lagst verður í. Mikilvægt er að tryggja að slík markmið raungerist við hönnun og framkvæmdar vegvísis að kolefnishlutlausu Íslandi.

Niðurlag

Að lokum viljum við itreka að baráttan gegn loftslagsbreytingum er mikilvægasta mál samtímans og á sviði loftslagsmála getur Ísland haft áhrif. Í niðurlagi greinargerðarinnar er tekið fram að „*til mikils er að vinna að komið sé böndum á losun gróðurhúsalofttegunda því afleiðingarnar geta orðið gríðarlegar og valdið margháttuðu tjóni á mannvirkjum, innviðum og lífi og heilsu fólks.*“ Við þessa málsgrein er auðvitað að bæta að ekki aðeins lífsviðurværi mannsins er bundið árangri okkar á sviði umhverfismála heldur alls lífríkisins. Náttúran sjálf og hennar gangvirki, hvort sem það eru vistkerfi, hafstraumar eða veðrakerfi eru háð því að að okkur takist í sameiningu að koma böndum á loftslagsbreytingar. Það er sannarlega til mikils að vinna og miklu að tapa.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

Tinna Hallgrímsdóttir

Tinna Hallgrímsdóttir, varaformaður